



Selfossi, 15. febrúar 2007

0610008SA PH

Alþingi

Erindi nr. Þ 133/1067

komudagur 19.2.2007

Alþingi
nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til vegalaga, 437. mál


Samtök sunnlenskra sveitarfélaga gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp að vegalögum sem nú eru til umsagnar.

1. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga leggja höfuðáherslu á að verkefnum þeim sem lagt er til í drögnum að færast yfir til sveitarfélaganna fylgi fullnægjandi og tryggir tekjustofnar, ekki aðeins til að halda ástandinu eins og það er nú í horfinu, heldur til að stórbæta þá vegi sem um ræðir. Um algjört grundvallaratriði er að ræða og í raun ekki hægt fyrir sveitarfélögin að taka afstöðu til verkefnatilflutningsins fyrr en sú hlið málsins liggur skýrt fyrir.

2. Samtökin gera athugasemdir við 28. grein frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir að kostnaður falli á sveitarfélög ef skipulag þeirra er ekki í samræmi við vilja Vegagerðarinnar. Hafa ber í huga í þessu sambandi sjálfákvörðunarrétt sveitarfélaganna um eigin málefni og m.a. í skipulagsmálum. Framkvæmdir á vegum ríkisins/vegagerðarinnar þurfa því að taka mið af skipulagi sveitarfélaganna og verða að fjármagnast að öllu leyti af ríkinu í samræmi við gildandi verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga í samgöngumálum.

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri